

L Ö G

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð
togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist:

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómannafélögum að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum.

Sömuleiðis er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa útgerðum farskipa, varðskipa og togara að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald.

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða iðgjald, er samsvari meðaltekjum togarasjómanna, ef togari tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kópavogskaupstað nýbýlalöndin Ástún, Birkihlíð, Grænuhlíð, Lund, Meltungu, Snæland og Sæból, er stofnuð voru samkvæmt nýbýlalögum frá 1936, og Efstaland, sem stofnað var samkvæmt lögum um nýbygð